


Niðurstöður viðhorfskönnunar


Hér birtast niðurstöður könnunar sem gerð var meðal þátttakenda í sýningunni **HANDVERK OG HÖNNUN Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR** sem haldin var 23.-27. nóvember 2017. Þátttakendur voru 55.

Könnunin var framkvæmd dagana 1.- 11. desember 2017. Svörun var mjög góð en alls svöruðu 47 aðilar (eða 85%) könnuninni.


Hefur þú áhuga á að sækja aftur um að taka þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?



Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur var nú haldin í sautjanda sinn. Hve oft hefur þú tekið þátt?




Að þínu mati, hver er ávinningurinn af þátttöku í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur? (Hér var hægt að merkja við fleiri en einn svarmöguleika)



Vegna mikillar aðsóknar (sérstaklega á laugardegi og sunnudegi) var brugðið á það ráð fyrir nokkrum árum að bæta mánudegi við sýningar-tímann.


Finnst þér koma til greina að endurskoða mánudagsopnun?




Annað sem fólk vildi taka fram um opnunartímann:

- Miðað við þær sýningar sem ég hef tekið þátt í væri nóg að hafa opið til kl 17 laugardag og sunnudag
- myndi vilja halda áfram að hafa opið á mánudögum
- Finnst þetta margir dagar. Reyndar hefur mánudagurinn verið annar besti söludaga hjá mér yfirleitt en hef grun um að sú sala myndi færast til síðasta dags, hvort sem það er mánudagur eða sunnudagur. Er ekki alveg viss. Finnst líka að lokunartími eigi að vera sá sami alla daga.
- Endilega hafa mánudaginn með það var annar af söluhæstu dögum.
- Mánudagar eru oft bestu söludagarnir - þeir eru fyrir þá sem nenna ekki í örtröðina um helgina og oft er salan best á mánudögum. Alls ekki sleppa mánudögum
- Það væri betra að hafa opið lengur á fimmtudeginum t.d. til 20:00 eða 21:00
- Ég vil ekki hafa opið á mánudeginum. Mér finnst alveg nóg að hafa opið yfir helgina þar sem föstudagurinn er líka.
- Mesta salan hjá okkur á mánudeginum.


Framboð vöru.




Ert þú meðlimur í einhverju eftirtalinna fagfélaga: Arkitektafélagi Íslands, Félagi húsgagna og innanhússarkitekta, Félagi íslenskra teiknara, Fatahönnunarfélagi Íslands, Félagi vöru- og iðnhönnuða, Félagi íslenskra gullsmiða, Leirlistafélagi Íslands eða Textílfélaginu?



Lögð var áhersla á að þátttakendur hefðu frumkvæði að því að kynna sýninguna. Hvað gerðir þú til að kynna þig og sýninguna? (hægt að merkja við fleiri en einn svarmöguleika)




Á sýningunni lagði ég áherslu á að kynna nýjar vörur.




Einn stærsti kostnaðarliður sýningarinnar er prentaður kynningarbæklingur en kostnaður við prentun og dreifingu er um 2.6 M (87.000 eintök eru prentuð og dreift á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni).


Finnst þér koma til greina að sleppa prentuðum bæklingi?



Voru erlendir ferðamenn meðal viðskiptavina þinna á sýningunni?



68% svöruðu síðustu spurningu játandi. Þeir voru beðnir að svara: Hve stór hluti af heildarveltu var sala til erlendra aðila?



Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

- Tel að þessi sýning ætti að vera frekar fyrstu helgina í nóv. heyrði nokkuð af því að fólk sagðist ekki vera búin að fá útborgað.
- Fann mikinn mun á sölnunni frá fyrri vetrarsýningum. Fannst mun minna af fólki koma á þessa sýningu. Margir voru búnir með peninginn því liðið var á mánuðinn. Föstudagurinn var mjög rólegur þar sem að fólk var að eltast við Black Friday. Tímasetning ekki góð.
- Ótrúlega vel heppnuð sýning og skiptir sköpum fyrir mig sem bý úti á landi hvað varðar kynningu og sölu. Þúsund þakkir fyrir mig :)
- Stuðla enn frekar að hönnuðir hittist og eigi spjall saman, t.d. að hver og einn kynni sig í nokkrum setningum með óformlegum hætti. Annars erum við mjög ánægð með framkvæmdina og allt skipulag til sóma - takk fyrir okkur
- Það bráðvantar að hafa skilti fyrir utan innganginn í Ráðhúsinu. Það er ekkert sem segir ferðamönnum sem eru þarna á ferðinni frá markaðnum. Það var töluvert af þeim í bænum þessa helgi, hefðu mátt vera fleiri sem komu inn að versla.
- Þið talið um að markaðsetja sýninguna fyrir erlenda ferðamenn en aldrei eru merkingar á sýningunni sjálfri á ensku, öll skilti, plaköt og fánar eru á íslensku og mér finnst eins og þeir ferðamenn sem koma á sýninguna ekki hafa hugmynd af því hvað er í gangi þarna. Veit að við vorum þó nokkur sem minntust á þetta á vorsýningunni í maí en ekkert gert í því fyrir þessa sýningu. Finnst að það ætti að hafa þetta í huga fyrir næsta markað :) Vil koma því á framfæri að það er alltaf svo gaman að taka þátt, alltaf svo mikil jákvæðni í ykkur og hjálpssemi að það er unun. Ég get rétt svo ímyndað mér hversu mikil vinna það er að koma þessu saman og þið gerið það af svo mikilli fagmennsku og yfirvegun að þið eigið þvílíkt hrós skilið. Sunneva og Fjóla þið eruð svo mikið æði og mér hlakkar alltaf til koma og taka þátt. Takk kærlega fyrir mig og við sjáumst á nýju ári :) <3
- Black Friday kippti all verulega fótunum undan veltunni sem og að þetta var í lok mánaðar þannig að það var fullt af fólki en það var greinilega ekki með pening eða búið að versla svo heiftarlega á Black Friday að það þorði ekki að nota kortið meira. Sýningin sjálf var sérstaklega góð og mikið af flottum vörum og fólki. Alltaf ótrúlega mikið af fólki sem að hefur aldrei séð vörurnar mínar þó svo að ég sé búinn að vera á nokkrum sýningum.
- Mér fannst sýningin vera heldur seint á árinu. Mér finnst eins og flestir gestir sýningarinnar væru eldri en 60 ára þetta árið heldur en í fyrra (hef samt ekki neinar tölur um það) en mér dettur í hug að það sé vegna þess að sýningin er á sama tíma og jólaundirbúningur í skólum og slíku. Það fóru mun færri kynningarmiðar frá mér en í fyrra, allavega helmingi færri sem gefa til kynna að það hafa verið færri sem sóttu. Ég seldi miklu fleiri ódýra hluti þetta árið heldur en í fyrra. Annars var svakalega skemmtilegt á sýningunni og mér fannst hún mjög falleg og ég keypti nokkrar jólagjafir. Varðandi opnun, þá seldi ég meira á mánudeginum heldur en á fimmtudeginum, ég held að það hafi verið góð breyting að opna klukkan 11, það minnkaði mikið álagið við að standa svona allan daginn. Takk fyrir frábæra sýningu, til hamingju.
- Alltaf vel að sýningunni staðið. Takk fyrir það!
- Ég var mjög ánægð með sýninguna og allt í kring um hana :)

- Frábær sýning og ómissandi fyrir íslenska hönnuði að koma sér á framfæri og að hitta mikið af viðskiptavinum á stuttum tíma. Markaðskönnun í action! Gefur svo miklu meira en bara sölu.
- Hefur alla tíð skipt okkur sköpum. Takk fyrir okkur :)
- Sýningin er nauðsynleg hönnunar- og handverksfólki. Á þennan máta fá þessir aðilar nauðsynlegt „response“ frá viðskiptavinum og einnig sanngjarnt verð fyrir vörur sínar. Endilega haldið sýningum áfram.
- Takk fyrir mig :)
- Bara þakkir fyrir markaðinn og umstangið í kringum hann.
- Fannst vel að sýningunni staðið.
- Takk fyrir mig
- Takk fyrir mig
- Mér finnst alltaf gaman að taka þátt en er alveg úrvinda eftir þessa viðveru. Mér fannst frábært að það opnaði kl 11 en mér fyndist líka í lagi að stytta í hinn endann og loka kl 17.
- Takk fyrir frábæra sýningu.